



Reglur Sveitarfélagsins Skagastrandar varðandi nám í grunnskóla utan heimabyggðar

1. gr.

Í Sveitarfélaginu Skagaströnd er rekinn einn grunnskóli, Höfðaskóli. Hann þjónar börnum sem búa á Skagaströnd og í Skagabyggð.

Nemendur með lögheimili í Sveitarfélaginu Skagaströnd skulu að jafnaði stunda nám við Höfðaskóla á Skagaströnd og er það meginregla að nemendur stundi nám við grunnskóla í því sveitarfélagi sem þau eiga lögheimili. Ef foreldri eða forráðamaður barns óskar eftir tímabundinni skólavist fyrir barnið í öðru sveitarfélagi skal send inn umsókn þess efnis og tilgreindar ástæður umsóknarinnar.

Forráðamaður nemanda sem óskað er eftir að fái að stunda nám annars staðar skal senda inn umsókn þess efnis til sveitarfélagsins fyrir 15. júní ár hvert á eyðublaði sem er aðgengilegt á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga eða á skrifstofu sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri hefur heimild til þess að afgreiða umsóknir falli þær undir þær reglur sem hér eru settar en sé um afbrigði að ræða tekur sveitarstjórn umsóknina til afgreiðslu. Sé umsókninni synjað af sveitarstjórn skal henni svarað sem fyrst með rökstuðningi. Hljóti umsókn jákvæða afgreiðslu skulu forráðamenn nemanda senda afgreiðsluna ásamt umsókn um skólavist til þess sveitarfélags þar sem óskað er eftir að nemandinn stundi nám.

Framangreindar dagsetningar eru meginregla þegar vitað er með löngum fyrirvara um óskir um skólavist utan Skagastrandar. Séu aðstæður þannig að ekki sé unnt að virða framangreindar dagsetningar skal afgreiðslu hraðað sem kostur er. Sé námsvist heimiluð skuldbindur sveitarfélagið sig til þess að greiða viðtökusveitarfélaginu skólakostnað skv. viðmiðunarfjárhæðum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sérstaklega skal þó samið um greiðslur vegna nemenda sem þurfa sérstakan stuðning.

2. gr.

Í samræmi við viðmiðunarreglur Sambands íslenskra sveitarfélaga gerir Skagaströnd ráð fyrir því að flytjist lögheimili nemanda til Skagastrandar eftir að nemandi hefur hafið skólagöngu í því sveitarfélagi sem hann átti lögheimili í fyrir flutning, skal hann eiga rétt á að ljúka námi í þeim skóla sem hann stundaði nám í við flutninginn til loka skólaársins án þess að til komi greiðslur þess vegna frá hinu nýja lögheimilissveitarfélagi.

3. gr.

Heimilt er að veita undanþágu frá skólagöngu á Skagaströnd af völdum eftirfarandi ástæðna:



- a. Forráðamenn óska eftir tímabundinni dvöl fyrir nemanda í grunnskóla í fyrra lögheimilissveitarfélagi. Að jafnaði er hér miðað við að nemendur eigi einungis eftir að ljúka 10. bekk.
- b. Flutningur lögheimilis forráðamanna stendur ekki fyrir dyrum. Í þann hóp falla t.d. börn námsmanna sem tímabundið stunda framhalds- eða háskólanám fjarri lögheimili. Börn foreldra með sameiginlegt forræði og börn sem vegna tímabundinna starfa forráðamanna fjarri lögheimili þurfa á námsvist í grunnskóla í öðru sveitarfélagi að halda.

4. gr.

Sé umsókn um nám í grunnskóla utan heimabyggðar samþykkt skulu forráðamenn ávallt sjá um allan flutning/akstur nemandans til skólans sem viðkomandi sækir og bera af því þann kostnað sem af því hlýst.

5. gr.

Að öðru leyti en hér að framan greinir skal á hverjum tíma fara eftir „Viðmiðunarreglum um greiðslur vegna nemenda sem stunda nám utan lögheimilissveitarfélags“ sem gefnar eru út árlega af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 23. mars 2022